

Reglur um hvatagreiðslur til íþróttta- lista- og tómslundaiðkunar

1. gr.

Markmið

Meginmarkmið með hvatagreiðslum er að auðvelda börnum og ungmennum úr Flóahreppi að sinna íþróttta- lista- og tómslundastarfi.

Hvatagreiðslum er ætlað að greiða niður æfingar- eða þátttökugjöld og auðvelda foreldrum/forráðamönnum barna/ungmenna að gera þeim kleift að stunda skipulagða íþróttta-lista- og tómslundaiðkun.

Greiðslur skulu að hámarki nema þeirri upphæð sem sveitarstjórn ákveður á hverjum tíma.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu hvatagreiðslna

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára sem lögheimili eiga í Flóahreppi geta sótt um hvatagreiðslur.

Skilyrt er að að um sé að ræða skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar og skátastarf.

Tónlist, tónlistarnám og líkamsræktarkort falla ekki undir niðurgreiðslu æfingagjalda.

3. gr.

Fylgigögn með umsókn

Staðfesting á greiðslu skal fylgja umsókn um hvatagreiðslur. Á greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram:

Nafn og kennitala félags

Dags. greiðslu

Æfingatímabil

Nafn og kennitala iðkanda

4. gr.

Greiðslur

Hvatagreiðslur geta orðið 10.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 20.000 kr. á ári fyrir hvern einstakling.

Upphæð styrks getur ekki orðið hærrí en sem nemur æfinga/þátttökugjaldi viðkomandi íþróttta- eða tómslundagreinar.

Hvatastyrki er ekki heimilt að færa á milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem iðkun fer fram á.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. apríl fyrir hverja vorönn og fyrir 1. nóverm fyrir hverja haustönn. Styrkir verða greiddir út mánaðarmótin apríl/mái og nóvember/desember ár hvert.

Flóahreppi 1. febrúar 2012

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri